

BÓKAÁSKORUN

Pegar búið er að læra að lesa

Mikill lestur og lestur á fjölbreyttu efni hafa jákvæð áhrif á ótalmarga undirstöðupætti náms og því er mikilvægt að halda lestri að börnum og unglingum eins og allir vita. Viðfangsefni í lestrarnámi þurfa að vera fjölbreytt, kennarar þurfa að vera mjög meðvitaðir um stöðu nemenda sinna í lestri en einnig að huga að því að vekja og viðhalda áhuga þeirra á lestri. Kröfur varðandi heimalestur þurfa einnig að taka mið af lestrargetu nemenda og það er mikilvægt að í þjálfuninni sé stígandi og fjölbreytni. Þegar nemendur eru búnir að ná tökum á umskráningunni og lesturinn farinn að flæða vel og af öryggi er *mikilvægt að markmiðin með heimalestri breytist og horft sé frá því að lesa bara til að lesa í 15 mínútur á dag án augljóss tilgangs*. Þá er kominn tími til að huga að því að nota lesturinn í markvissum tilgangi til að afla sér þekkingar sem nýtist í námi og leik, að huga að lestrarupplifuninni og leggja grunninn að því sem eykur líkur á að nemendur lesi sér til yndis fyrir lífstíð.

Bókaáskorun fyrir sjálfstæða lesara

Margar leiðir eru færar til að efla áhuga nemenda á lestri en því fleiri leiðir sem kennari hefur, þekkir og notar, því meiri líkur eru á að það takist að fá nemendur til að lesa og það af áhuga. Bókaáskorun er ein leiðin og hentar hún vel nemendum sem eru orðnir vel læsir en þurfa að fá að kynnast fjölbreyttum textagerðum og bókmenntaformum. Kennarar geta sjálfir útbúið bókaáskoranir út frá eigin markmiðum og haft þær langar, stuttar eða með öðrum áherslum en verkefninu fylgja tvær útgáfur sem dæmi.

Skólasafnið


Samhliða bókaáskoruninni getur verið gott að útbúa samning varðandi þann tímaramma sem áskorunin er í gildi, úrvinnslu eftir lestur (stutt bókarumsögn, stjörnugjöf, munnleg eða myndræn kynning fyrir jafningjum) og skráningu ef nemandinn þarf á eftirfylgni og hvatningu að halda. Það getur verið gott að fá skólasafnakennara í lið með sér til að hafa umsjón með nemendum sem hafa valið að taka bókaáskoruninni en skólasafnakennararnir þekkja safnakost skólabókasafnsins vel og geta liðsinnt nemendum varðandi bókaval. Það léttir á lestrarkennaranum sem getur þá einbeitt sér að því að aðstoða þá nemendur sem eru skemmra á veg komnir í lestrarnámi sínu.

Bókaáskorun fyrir lestrarhesta



Áskorun	Skráðu bókina hér að lestri loknum
Lestu bók sem einhver mælir með.	
Lestu bók með fallega bókarkápu.	
Lestu bók með sérnafni í titli o.s.frv.	
Lestu ævintýri.	
Lestu teiknimyndasögu.	
Lestu stærðfræðisögu.	
Lestu sögu um ofurhetju.	
Lestu bók sem hefur hlotið verðlaun.	
Lestu bók sem þú fékkst lánaða á almenningsbókasafni.	
Lestu bók sem foreldrar þínir lásu þegar þeir voru ungir.	
Lestu brandarabók.	
Lestu bók með ráðgátu.	
Lestu ljóðabók fyrir börn.	
Lestu bók um vísindi.	
Lestu gátu- eða spurningabók.	
Lestu bók eftir norrænan höfund.	
Lestu bók sem gerist á heimaslóðum þínum.	
Lestu bók í seríu.	
Lestu bók sem kvikmynd hefur verið gerð eftir.	
Lestu bók um dýr.	





Bókaáskorun – Lestu ef þú þorir!

Áskorun	Skráðu bókina hér að lestri loknum
Lestu bók sem vinur þinn mælir með.	
Lestu bók af innlendum eða erlendum metsölulista.	
Lestu leikrit.	
Lestu bók byggða á sannsögulegum atburðum.	
Lestu teiknimyndaögu.	
Lestu ástarsögu.	
Lestu sögu sem er skrifuð fyrir unglinga.	
Lestu bók sem hefur hlotið verðlaun.	
Lestu bók sem þú fékkst lánaða á almenningsbókasafni.	
Lestu bók sem foreldrar þínir lásu þegar þeir voru ungir.	
Lestu bók sem gerist á eyju.	
Lestu glæpasögu.	
Lestu ljóðabók.	
Lestu bók sem er fræðilegs eðlis.	
Lestu skáldsögu eftir erlendan höfund.	
Lestu skáldsögu eftir íslenskan höfund.	
Lestu bók sem gerist á heimaslóðum þínum.	
Lestu dystópíu.	
Lestu bók sem kvikmynd hefur verið gerð eftir.	
Lestu bók í þrileik eða seríu.	

